



## Húsreglur fyrir félagsheimilið Þórsver

- Megin hlutverk félagsheimilisins Þórsvers er að þjóna íbúum í Langanesbyggð sem samkomuhús, þar sem haldnir eru menningarviðburðir, samkomur og ýmsir aðrir viðburðir.
- Þeir sem taka húsið á leigu bera ábyrgð á því að viðhafa umgengnisreglur hússins og sjá til þess að umgengni um húsið sem til fyrirmyndar.
- Þeir sem panta húsið gera það hjá húsverði. Húsvörður afhendir viðkomandi húsið og þegar húsinu er skilað skal húsvörður taka út að því sé skilað í sama ástandi og viðkomandi leigjandi tók við því.
- Þegar Þórsver er leigt til dansleikjahalds skal það vera í samræmi við landslög og framkvæmt í góðu samráði við lögreglufirvöld. Gæslan í húsinu skal vera sýnileg og öflug með það fyrir augum að koma í veg fyrir líkamsmeiðingar og skemmdir á húsi og húsbúnaði. Við almennt dansleikjahald skal miða við að aldurstakmark verði 18 ára og miðast það við afmælisdaginn. Dansleikir með 16 ára aldurstakmarki verða ekki haldnir í húsinu að því undanskildu að um vímulausa samkomu sé að ræða.

Undanþága frá þessum reglum verður veitt á Þorrablótinu í Þórsveri 2013 en þar er heimilt að hafa aldurstakmarkið 17 ára og miða við almannaksárið.

Reglurnar öðlast gildi við samþykki sveitarstjórnar

Samþykkt á sveitarstjórnarfundi þann 13. desember 2012